

Nd.

624. Lög

um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

1. gr.

1. 5. málsg. 1. gr. laganna skal orða svo:

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálf t. eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rjett að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er rikissjóður greiðir.

2. Á eftir 5. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfir-læknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því hjeraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalar-kostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

3. 6. málsgrein sömu greinar skal orða svo:

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið að-njótandi styrks úr rikissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sje styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opin-beru fje greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúk-lingum en eftir gjaldskrá hjeraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.